

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 1 8. janúar 1985 um stjórn botnfiskveiða 1985.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4., 15., og 16. gr. skal loðnubátum aðeins úthlutað almennu veiðileyfi með aflamarki á árinu 1985. Við ákvörðun aflamarks til loðnubáta skal skerða aflamark í hverri fisktegund um 20%, vegna aukningar loðnuveiða á vertíðinni 1984/1985.

2. gr.

Grálúða veidd á línu frá 1. júní til 31. ágúst, skal ekki teljast sem hluti af aflamarki skips.

Stundi skip, sem hefur almennt veiðileyfi með sóknarmarki, grálúðuveiðar með línu innan tímabilsins 1. júní til 31. ágúst, teljast þeir dagar, sem nýttir eru til grálúðuveiða, ekki með sem hluti sóknardaga samkv. 15. gr.

3. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að leyfa flutning sóknardaga, sem ekki hafa nýst vegna verkfalls sjómanna í febrúar, af sóknartímabilinu janúar og febrúar yfir á seinni tímabil sbr. 15. gr. samkvæmt reglum, sem ráðuneytið setur.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. skal tímabil 4 fyrir útgerðarflokk 5 og 6 hefjast 1. júlí.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 118 31. desember 1984, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. mars 1985.

F. h. r.

Jón B. Jónasson

Pórður Eyþórsson.